

AUGLÝSING

um samþykkt breytinga á fjórum deiliskipulagsáætlunum í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 12. júní 2013 í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkt tillögur að breytingum á eftirtöldum deiliskipulagsáætlunum:

Á *deiliskipulagi íbúðarsvæðis* við *Klapparhlíð*, samþykktu 10. nóvember 2000, síðast breyttu 31. mars 2004. Breytingin felst í því að grenndarvöllur verður tekinn tímabundið undir allt að þrjár færanlegar kennslustofur og tilheyrandi tengibyggingar. Skilgreindur er byggingarreitur og settir skilmálar um hæð og umfang bygginganna.

Á *deiliskipulagi þjónustusvæðis* við *Lækjarhlíð*, samþykktu 27. apríl 2005, síðast breyttu 11. júlí 2012. Breyting felst í því að bætt er við byggingarreit fyrir eina færanlega kennslustofu til viðbótar á lóð Lágafellsskóla og settir skilmálar um hæð og umfang byggingarinnar.

Á *deiliskipulagi Hjallahlíðar* (samþykktu 5. mars 1997), og *deiliskipulagi Hulduhlíðar* (síðast breyttu 2. september 1998). Breytingar varða báðar þessar deiliskipulagsáætlanir og felast í því að skilgreindur er byggingarreitur fyrir allt að þrjár færanlegar kennslustofur með tengibyggingum, sem settar yrðu tímabundið á leikvöll við Hjallahlíð. Á tillöguupprætti eru skilmálar um hæð og umfang bygginganna.

Ofangreindar breytingar á deiliskipulagsáætlunum hafa hlutið málsmeðferð samkv. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 123/2010 og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 9. ágúst 2013,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 13. ágúst 2013